

## **M-106/2010. Álit 30. september 2010**

### **Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa**

Hinn 30. september 2010 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-106/2010.

#### **I**

##### **Álitaefni og kröfugerð**

Hinn 24. ágúst 2010 bað X, hér eftir einnig nefnd álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa á bifreið af Y. Álitsbeiðandi telur bifreiðina haldna göllum og krefst þess að kaupunum verði rift.

#### **II**

##### **Niðurstaða kæruneftndarinnar.**

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa starfar samkvæmt ákvæðum laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa.

Hinn 24. ágúst sl. sendi kæruneftndin álitsbeiðanda svohljóðandi bréf:

„Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa hefur mótttekið beiðni þína um álit á ágreiningi við seljanda bifreiðar sem þú keyptir. Áður en seljandanum verður gefinn kostur á því að andmæla kröfum þínum og málalíbúnaði óskar kæruneftndin eftir því að þú sendir henni öll gögn er varða viðskipti ykkar svo og þær viðgerðir á bifreiðinni sem þú lýsir í álitsbeiðninni.

Frestur til þess að senda umbeðin gögn er til föstudagsins 3. september nk. Berist nefndinni ekki gögnin innan tilskilins tíma má búast við því að hún vísi beiðninni frá sér samkvæmt ákvæðum 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa.“

Kæruneftndinni hefur ekki borist svar við framangreindu bréfi og hefur álitsbeiðandi ekki haft samband við hana á annan hátt. Kæruneftndin álitur því óhjákvæmilegt að vísa beiðni álitsbeiðanda frá nefndinni með heimild í 2. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa.

Kæruneftndin tekur fram að þrátt fyrir það að álitsbeiðninni hafi verið vísað frá getur álitsbeiðandi sent kæruneftndinni nýja beiðni um álit fylgi henni þau gögn sem beðið var um í bréfi nefndarinnar frá 24. ágúst sl.

#### **III**

## Álitsorð

Beiðni X er vísað frá kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa.

---

Friðgeir Björnsson  
formaður

---

Ólafur R. Guðmundsson

---

Hildigunnur Hafsteinsdóttir